

21

31. jan.

L Ö G

um sérstakan skattfrádrátt tapaðra skulda vegna skuldaskila bátaútvegsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði b-liðs 10. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekju- og eignar-skatt, er heimilt að draga skuldatöp skattþegna, samkvæmt II. kafla laga nr. 120 28. des. 1950, frá skattskyldum tekjum við allt að fimm næstu áramót eftir að skuldaskilum lauk, og þá jafnstóran hluta tapanna í hvert skipti.

2. gr.

Eignatap vegna skuldaskilanna, sem heimilt er að afskrifa samkv. 1. gr. þessara laga, skal og koma til frádráttar skattskyldri eign til stóreignaskatts, sbr. lög nr. 22 1950, og endurgreiðist sá hluti skattsins, sem til lækkunar kemur samkvæmt þessum frádrætti, eftir nánari ákvörðun ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

22

1. febr.

L Ö G

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að virkja Fjarðará í Seyðisfirði eða Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 2000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar og Eskifjarðarkauptúns;
2. að virkja Hvammsá eða Selá í Vopnafirði til raforkuvinnslu í allt að 500 hestafla orkuveri og leggja aðalorkuveitu frá orkuveri til Vopnafjarðarkauptúns;
3. að virkja eftirfarandi ár í Vestur-Barðastrandarsýslu:

- a. Fossá í Suðurfjörðum eða Seljadalsá við Bildudal í allt að 450 hestafla orkuveri, 22
 b. Suðurfossá á Rauðasandi í allt að 850 hestafla orkuveri, 1. febr.
 og leggja frá orkuverunum aðalorkuveitur til Bildudals, Patreksfjarðar og um nálægar byggðir;
4. að virkja Sandá í Þistilfirði til raforkuvinnslu í allt að 2900 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Þórshafnar og Raufarhafnar;
5. að virkja Smyrlabjargaá í Austur-Skaftafellssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1000 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitur til Hafnarkauptúns og um nálægar byggðir;
6. að virkja Víðidalsá eða Bergsá í Vestur-Húnavatnssýslu til raforkuvinnslu í allt að 1800 hestafla orkuveri og leggja frá því aðalorkuveitu til Hvammstanga;
7. að leggja aðalorkuveitu úr Landeyjum til Vestmannaeyja;
8. að leggja háspennulínu frá væntanlegu raforkuveri við Fossá í Fróðárhreppi, um Fróðárhrepp og Eyrarsveit, um Helgafellssveit að Hrísum og niður Þórsnes til Stykkishólms.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 74 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka lán úr raforkusjóði samkv. 1. lið 35. gr. raforkulaganna, allt að 25 millj. kr., þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Framkvæmdir samkvæmt 1. gr. mega ekki hefjast, nema fyrir liggi nákvæmar kostnaðaráætlanir um virkjanirnar og tryggt hafi verið nægilegt fé til framkvæmdanna.

4. gr.

Um stofnun og rekstur þessara orkuvera og þeirra orkuveitna, sem um ræðir í lögum þessum, fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. febrúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.
(L. S.)

Jón Ásbjörnsson.

Hermann Jónasson.